



Lúxemborg, 15. desember 2011

Fréttatilkynning 15/2011

Dómur í máli E-1/11 (Dr A)

EES-RÍKI GETUR AÐEINS NEITAD LÆKNUM SEM SÓTT HAFA SÉR MENNTUN OG ÞJÁLFUN Í ÖÐRU EES-RÍKI UM STARFSLEYFI ÞEGAR SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR ERU FYRIR HENDI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit á túlkun tilskipunar 2005/36/EB og öðrum reglum EES-réttar í tilefni af beiðni kærufndar í málefnum heilbrigðisstarfsfólks í Noregi.

Aðili málsins er læknir sem aflaði sér menntunar í Búlgaríu og lauk jafnframt starfsnámi þar í landi með geðlækningar sem sérgrein. Hún sótti um starfsleyfi sem læknir í Noregi og fylgdi umsókn hennar yfirlýsing búlgarskra yfirvalda um að hún félli undir tilskipun 2005/36/EB með vísan til menntunar hennar og starfsreynslu sem læknir í Búlgaríu.

Í málinu sem kærufndin hefur til meðferðar reynir á gildi ákvörðunar norsku skráningarstofunnar um heilbrigðisstarfsfólk, þar sem umsókn læknisins var synjað á þeim forsendum að hún hefði ekki tilskilda starfshæfni. Var ákveðið að veita henni tímundið starfsleyfi til eins árs, með því skilyrði að hún starfaði undir stjórn annars læknis.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að tilskipun 2005/36/EB heimilaði EES-ríkjum ekki að binda viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi lækna sem fullnægðu kröfum tilskipunarinnar frekari skilyrðum en þar kæmu fram. Dómstóllinn benti á að tilskipunin byggðist á þeirri meginreglu að fram færi sjálfkrafa viðurkenning á vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna. Hætt væri við að vægi þeirrar reglu yrði litið ef aðildarríkjunum væri játað svigrúm til að bera brigður á ákvörðun þar til berra yfirvalda í öðru EES-ríki um að veita lækni formlegan vitnisburð um menntun hans og hæfi. EES-ríki gæti þó bundið veitingu starfsleyfis því skilyrði að umsækjandi hefði þá tungumálakunnáttu sem nauðsynleg væri til að stunda lækningar á yfirráðasvæði þess.

Að því er varðaði atriði sem tengdust persónulegri starfshæfni umsækjenda, þá benti dómstóllinn á að viðurkenning á faglegri menntun og hæfi í EES-ríki (gistiríki) þar sem umsækjandi hygðist starfa hefði þau áhrif að umsækjandi hefði þar aðgang að sömu starfsgrein og í því EES-ríki sem hann kæmi frá og menntun og hæfi hans í starfsgreininni hefði verið viðurkennd í (heimaríki). Í því fælist einnig að umsækjandinn hefði rétt á að leggja stund á starfsgreinina í gístaðildarríkinu með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess. Engu að síður þá hefði þessi niðurstaða ekki áhrif á skyldu fagmenntaðs innflytjanda til að uppfylla skilyrði um iðkun starfa sem gistiríkið kynni að mæla fyrir um, svo framarlega sem þau skilyrði mismunuðu ekki innlendum ríkisborgurum og ríkisborgurum annarra EES-ríkja, og væru rökstudd á hlutlægan hátt og að meðalhöfs væri gætt, meðal annars með tilliti til ráðstafana til að tryggja öfluga heilsu- og neytendavernd.

Dómstóllinn taldi að í samræmi við framangreint hefðu EES-ríki vald til að ákveða viðurlög eða refsiaðgerðir gagnvart heilbrigðisstarfsfólki sem félli undir tilskipunina og þá binda starfsleyfi skilyrðum eða afturkalla það, að því gefnu að viðeigandi skilyrði landsréttar væru uppfyllt og grundvallarreglur EES-réttar væru virtar. Ef synjun upphaflegrar umsóknar A hefði byggst á upplýsingum sem leitt hefðu til þess að gildandi starfsleyfi væri bundið skilyrðum eða það afturkallað þannig að samræmdist reglum EES-réttar, þá væri yfirvöldum í gistiríki ekki skylt að veita starfsleyfi við slíkar aðstæður, þar sem þeim hefði allt að einu verið nauðsynlegt að afturkalla það.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int



Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.